

Höllin er nýtt húsnæði eldri borgara



Nýtt hús Félags eldri borgara í Snæfellsbæ var formlega tekið í notkun og afhent félaginu til afnota fimmtudaginn 1. febrúar. Óhætt er að segja að húsið sé hið glæsilegasta en gestum og gangandi bauðst að vera við vígsluathöfnina og líta húsnæðið augum. Hugmyndin og frumkvæð-

ið að húsnæðinu kom frá Margrétu Vigfúsdóttur en Sæmundur Kristjánsson kom einnig að mótun hugmyndarinnar. Húsið var í eigu Hjallastefnunnar í Reykjavík áður en Snæfellsbær festi kaup á því sumarið 2022. Fyrsta skóflustungan var tekin 25. ágúst 2022 og var það Vigfús Vigfússon sem

tók hana. Húsið er rúmir 500 fermetrar að stærð og byggingarkostnaðurinn um 155 m.kr. Margir iðnaðarmenn og starfsmenn Snæfellsbæjar komu að verkinu á einn eða annan hátt og þakkaði Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, öllum þeim fyrir vel unnið verk í ræðu sinni á opunarhátíðinni. Meðlimir í Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ sáu um þrif á húsinu og að koma öllu í stand fyrir opunarhátíðina sem heppnaðist mjög vel.

Margrét Vigfúsdóttir og Svanhildur Pálsdóttir héldu ræðu við athöfnina en Margrét var formað-

ur Félags eldri borgara þegar hugmyndin kom upp og Svanhildur er núverandi formaður félagsins. Júníana Björg Óttarsdóttir, formaður bæjarráðs, hélt einnig ræðu og tilkynnti nafn hússins. Óskað var eftir tillögum að nafni frá íbúum í hugmyndasamkeppni undir lok síðasta árs. Bárust ríflega 70 tillögur frá íbúum og var nafnið „Höllin“ valið úr innsendum tillögum. Nú getur Félag eldri borgara loksins haft alla sínu blómlegu starfsemi undir einu þaki.

JJ


FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Þorra blótað í Ólafsvík



Þorrablótíð í Ólafsvík var haldið í félagsheimilinu Klifi síðastliðinn laugardag, þann 3. febrúar. Líkt og kom fram í síðasta tölublaði Jökuls komu aðilar úr Kvenfélagi Ólafsvíkur, Lionsklúbbi Ólafsvíkur, Lionsklúbbum Rán, Áttthagafélagi Fróðhreppinga og Leikfélaginu Laugu að skipulagi blótsins og sá til þess að allir skemmtu sér vel. 202 miðar seldust á blótíð í ár, Björg Bára Halldórsdóttir, meðlimur í þorrablótnefnd sá um veislustjórn og Galito eldaði þorramat ofan í mannskap-

inn. Inga Fanney Jónasdóttir fór með minni karla og eiginmaður hennar, Ólafur Vignir Sigurðsson, fór með minni kvenna. Síðustu vikur hefur mikil vinna hjá þorrablótnefnd farið í að skrifa, undirbúa og æfa skemmtiatriðin sem að slógu rækilega í gegn. Tekið var á málum ársins sem var að líða með grínið að vopni og var mikið hlegið. Eftir vel heppnað borðhald og skemmtiatriði hélt hljómsveitin Span uppi stuðinu fram eftir nóttu.

SJ



ÁRÍÐANDI TILKYNNING

Góugleði 2024 verður haldin 16. mars næstkomandi í Röst. Takið daginn frá!

Tökum vel á móti öllum þeim sem vilja spreyta sig í söng og leik. Mega þeir sem hafa áhuga hafa samband við Kollu Páls.

Kveðja
GGnefndin.

Auglýsingaverð í Jökli

Heilsíða	35.000 +vsk
Hálfsíða.	25.000 +vsk
1/4 úr síðu	15.323 +vsk
1/8 úr síðu	12.500 +vsk
1/16 úr síðu	10.081 +vsk



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Skrifstofa prentsmiðjunnar Steinprent og umboðs Sjóvá á Snæfellsnesi verður lokuð frá 15. - 29. febrúar

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar
vegna trygginga er bent á síma
440 2390 og 440 2000



SJÓVÁ

Hlaupið fær viðurkenningu

Snæfellsjökulshlaupið verður haldið í 13. skipti þann 22. júní 2024 og opnaði fyrir skráningu í hlaupið síðastliðinn föstudag, 2. febrúar. Á fyrstu tveimur dögum eftir að opnað var fyrir skráningu höfðu 50 manns skráð sig til leiks en í ár er fjöldi þátttakenda takmarkaður við 350 manns. Hlaupaleiðin er um 22 km og er það ræst frá Arnarstapa, keppendur hlaupa yfir Jökulsháls Snæfellsjökuls og enda í Ólafsvík. Hlaupið

hefur notið gífurlegra vinsælda og síðastliðinn sunnudag, 4. febrúar, var það valið þriðja besta utanvegahlaupið á Íslandi. Eftir hlaup ársins 2023 gefa hlauparar hverju hlaupi tvennskónar einkunnir. Annarsvegar einkunnir fyrir hina

ýmsu þætti hlaupsins og hins vegar eina heildareinkunn sem byggir á mati þátttakenda á hlaupinu í heild sinni. Þessar einkunnir eru svo sameinaðar og þannig ræðst endanleg röð hlaupanna í vali á hlaupi ársins. Í flokki utan-

vegahlaupa hafnaði Snæfellsjökulshlaupið í 3. sæti af 21 hlaupi sem komst inn á listann. Þá var Hólmsheiðarhlaup UltraForm og Fram í fyrsta sæti og Sútur Vertical í öðru.

SJ



Kvenfélag Ólafsvíkur bakaði pönnukökur

Eftir sólarlausa mánuði hefur sólin loks náð að teygja geisla sína fyrir fjallgarðana sem umlykja Ólafsvík og Grundarfjörð. Um miðjan nóvember hvarf sólin en bæjarbúar hafa lýst upp skammdegið með jólaljósum yfir myrkustu dagana. Árlega er það mikið fagnarefni hjá bæjarbúum að sjá sólina aftur eftir nokkurra mánaða fjarveru en í lok janúar mátti sjá sólina gægast yfir fjöllin og birta upp snæviþakta byggðina. Kvenfélag Ólafsvíkur bakaði sólarpönnukökur af þessu tilefni fyrir fyrirtæki og einstaklinga þriðjudaginn 6. febrúar en þessi árlega hefð gerir komu sólarinnar að enn frekara tilhlökkunarefni fyrir marga, að venju var þetta góð fjáröflun fyrir kvenfélagið en tæplega 2.200 pönnukökur voru bakaðar og afgreiddar, ýmist með sultu og rjóma eða með sykri.

SJ



Þorablót í Grundarfirði

Þorablótið í Grundarfirði var haldið laugardaginn 3. febrúar í Samkomuhúsinu í Grundarfirði. Mikið fjör var í húsinu og gleðin við völd þegar um 150 manns komu saman til að blóta þorrann. Skipulag er í höndum

Hjónaklúbbs Eyrarsveitar og samanstendur nefndin af einu pari sem eru formenn nefndarinnar og sjö öðrum pörum eða einstaklingum svo í heildina sitja 16 manns í þorablótsnefnd. Stjórn Hjónaklúbbsins byrjaði kvöldið

á að setja þorablótið og tók svo skemmtinefndin við. Múlakaffi eldaði þorramat ofan í gesti og eftir skemmtiatriði sem tóku á því helsta sem hefur gerst á liðnu ári

hélt hljómsveitin Elítan uppi stuði fram eftir nóttu.

Meðfylgjandi mynd er tekin af þorablótsnefndinni á laugardagskvöldið.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Gjaldskrá fyrir Lýsulaugar 2024

Gildir frá 1. janúar 2024

Sundlaug Snæfellsbæjar á Lýsuhóli

Stakar sundferðir:

Börn, 9 ára og yngri.....	Frítt
Börn, 10-17 ára.....	500 kr.
Fullorðnir.....	1.600 kr.
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar.....	500 kr.

Afsláttarmiðar:

Börn, 10 miðar.....	2.500 kr.
Börn, 30 miðar.....	6.000 kr.
Börn, árskort.....	15.000 kr.
Fullorðnir, 10 miðar.....	8.000 kr.
Fullorðnir, 30 miðar.....	19.200 kr.
Fullorðnir, árskort.....	40.000 kr.

Annað:

Sturta, fullorðnir.....	1.000 kr.
Leiga á sundfötum.....	500 kr.
Leiga á handklæði.....	500 kr.

Börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur að sundlauginni nema í fylgd með syndum einstaklingi, 15 ára eða eldri. Viðkomandi má ekki hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bærarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. desember 2023. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2024 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá fyrir sundlaug Snæfellsbæjar á Lýsuhóli sem gilt hefur frá 1. janúar 2023.

Snæfellsbær, 7. desember 2023



100 ára á 100 daga hátíð

Í upphafi febrúar héldu nemendur í 1. til 4. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar upp á 100 daga hátíð en þá er haldið upp á að það séu liðnir 100 dagar ef þessu skólaári. Þá gerðu nemendur sér glaðan dag og unnu fjölbreytt og skemmtileg verkefni sem tengjast tölunni 100. Tilgangurinn með verkefninu er að þjálfa nemendur í tugakerfinu með því að telja saman tugi sem mynda síðan hundruð. Farið var í smiðjuvinnu þar sem þau æfðu þetta, meðal annars með því að teikna útlími á skrímsli og telja 100 góðgæti sem þau fengu svo að sjálfsögðu að smakka. Í einni smiðjunni mætti sjálfur Vigfús Vigfússon í heimsókn. Vivvi, eins og flestir þekkja hann, ræddi við nemendur um yngri árin, svaraði spurningum og sagði sögur. Ástæða fyrir skemmtilegri heimsókn Vivva á 100 daga hátíðina er að hann verður sjálf-



ur 100 ára í desember á þessu ári. Var þessi dagur skemmtilegt upp-brot í skólastarfinu sem allir sem að komu höfðu gagn og gaman af. SJ



Jökull Bæjarblað



steinprent@simnet.is



436 1617

KYNFRÆÐSLAN HEIMA

FRÆÐSLA FYRIR FORELDRA OG FORRÁÐAMENN
INDÍANA RÓS KYNFRÆÐINGUR, M.ED.

Foreldrar og aðrir uppáendur eru órjúfanlegur partur af samtalinu og fræðslu sem varðar kynlífi og kynheilbrigði.

ÞAÐ SEM VIÐ FÖRUM YFIR

- Hvað voru þau að fræðast um í kynfræðslunni í dag?
- Hvernig tek ég samtalið um kynlíf og kynheilbrigði heima?
- Hvernig svara ég erfiðum spurningum?
- Hvernig aukum við traust svo að börnin leiti til okkar með það sem liggur á þeim?
- Hvar finn ég áreiðanlegt efni til að fræða mig til að fræða þau?
- Hvað er eðlileg kynhegðun eftir aldri?
- Hvað eru vísbendingar um kynferðislegt ofbeldi, hvernig bregst ég við upplýsingum um ofbeldi og hvert get ég leitað?

Húsið opnar 19:45

8. FEBRÚAR KL 20:00

Í GRUNNSKÓLANUM



Indiana Rós (Hún) er með M.Ed í kynfræðslu og hefur starfað við kynfræðslu frá árinu 2016. Getið kynnt ykkur hana betur á indianaros.is. Öll eru velkomin. Nálægumst fræðsluna með virðingu og húmor að leiðarljósi.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Gjaldskrá

Leikskólasel á Lýsuhóli 2024

Fyrsta barn	2024
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	4.400

5 dagar í viku	26.400
4 dagar í viku	21.120

** 2023: gerð er tillaga um óbreytt grunngjald.*

Forgangur/einst. (60%)	2024
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	2.640

5 dagar í viku	15.840
4 dagar í viku	12.672

Annað barn (50%)	2024
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	2.200

5 dagar í viku	13.200
4 dagar í viku	10.560

Þriðja barn (0%)	2024
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	0

5 dagar í viku	0
4 dagar í viku	0

Fæðiskostnaður	2024
Morgunverður	2.600
Hádegisverður	5.775





Olíu- og smurefni Fyrir öll svið atvinnulífsins!

Glussi 32 & 46 Hydromax HT HVI (20L & 210L)



Hentar á allan vökvabúnað.

Grease CAS 2 Green Smurfeiti



Mjög vatnsfælin, háhitapolin og álagspolin smurfeiti.
(- 25°C upp í + 330°C).

Grease Lithium Complex EP Blue



Nútíma afkastamikil og alhliða feiti, hentar bæði í iðnað og á farartæki. Hentar fyrir mikið álag.

Performance Clean BC



Iðnaðarhreinsiefni og fituleysiefni með mikla upplausnargetu. Fjarlægir olíur, fitu, bremsuvökva og annað.



Performance X3
Fjölhæft smurefni fyrir erfiðar aðstæður. Smyr og verndar keðjur, kapla, rennur og smýgur í gegnum og losar fasta hluti.



Performance Citrus Clean
Öflugt hreinsiefni byggt á sítrus. Fjarlægir fitu, tjöru, olíu, vax, blek, plastefni, límmiða og leifar af lími.
Virkar á málm, stál trefjagler, ál, steypu, tré og stein.

